

Fundur í Rótarýklúbbnum Reykjavík-Miðborg á Nauthóli 30. júní 2014

Ársskýrsla Kristínar Guðmundsdóttur, fráfarandi forseta

Ágætu Rótarýfélagar og góðir gestir,

Í þessari viku er að hefjast nýtt starfsár Rótarýhreyfingarinnar og því eru stjórnarskiptafundir framundan í flestum klúbbum. Jón Bergmundsson tekur formlega við forsetakeðjunni á eftir og mun ásamt nýrri stjórn leiða starfið starfsárið 2014 til 2015.

Þetta er jafnframt skilafundur fráfarandi stjórnar undir minni forystu. Auk mín sátu í stjórninni, Thomas Möller sem ritari, Esther Guðmundsdóttir gjaldkeri, Gunnar Svavarsson stallari, Jón Bergmundsson sem viðtakandi forseti og Jón Ólafur Halldórsson sem fráfarandi forseti. Vil ég nota þetta tækifæri til að þakka þeim kærlega fyrir samstarfið og þann tíma sem þau hafa lagt í störf sín í þágu klúbbsins. Til dæmis hafa líflegar tilkynningar frá Thomasi til félaga okkar á mánudagsmorgnum örugglega orðið til þess að gera mætinguna góða á starfsárinu.

Fundir

Á starfsárinu var haldinn 41 fundur og voru erindin af ýmsu tagi. Þegar ég lít yfir umfjöllunarefnið finnst mér efnisvalið hafa verið bæði fjölbreytt og spennandi. Sex fundir voru haldnir utan okkar hefðbundna fundarstaðar hér í Nauthóli. Við heimsóttum Ölgerð Egils Skallagrímssonar, Reykjavík Natura, Þjóðleikhúsið, Málverkasýning hjá Lex, Borgarleikhúsið og að lokum starfgreinaerindi Péturs Magnússonar forstjóra Hrafnistu.

Eins og ég áður vék að þá flutti aðeins einn félagi starfgreinaerindi sitt á árinu og bendi ég nýrri stjórn á að við eigum inni þó nokkuð af erindum frá nýjum félögum og jafnvel þeirra sem skipt hafa um starfsvettvang.

Fyrirlesarar sem komu til okkar með erindi á starfsárinu voru 29 og voru þau bæði fróðleg og skemmtileg. Einnig var haldinn afmælisfundur vegna 20 ára afmælis klúbbsins sem var stofnaður 30. maí 1994 þar sem Sólveigu Pétursdóttur fyrsti forseti klúbbsins fór yfir söguna og Geir Haarde hélt hátíðarræðu, jólafundur, stjórnarskiptafundur, Klúbbþing, fundur með Umdæmisstjóra, fundur um Ungmennastarf Rótarý og kynning svissnensks skiptinema sem klúbburinn hefur fóstorað.

Það hefur ávallt verið helsti styrkur Rotary Reykjavík Miðborgar að bjóða upp á metnaðarfulla dagskrá og flyt ég þeim félögum sem sátu í nefndum klúbbsins bestu þakkir fyrir. Dagskráin í vetur var fjölbreytt og sem fyrr þá er það staðreynd að góðir fyrirlesarar tryggja góða mætingu.

Nefndir

Auk klúbbfunda hittust stjórn og nefndir klúbbsins margoft. Stjórnin hittist reglulega á formlegum stjórnarfundum, en þeir voru tólf talsins á starfsárinu, auk fjölda óformlegra funda.

Ferðanefnd skipulagði að vanda sumargöngu klúbbsins sem farin var um helgina að Kirkjubæjarklaustir og heyrir ég á félögum sem fóru í ferðina að hún hafi verið vel heppnuð í alla staði, fyrir utan að Hrafnhildur Stefánsdóttir félagi okkar fótbrotnaði á föstudaginn. Sendum við henni okkar bestu óskir um góðan bata.

Ég vil þakka ferðanefndinni sérstaklega fyrir þeirra óeigingjarna starf við undirbúning og umsjón.

Sú nefnd sem mæðir jafnan mikið á er klúbbnefnd en í henni sitja fyrrverandi forsetar klúbbsins. Nefndin er ábyrg fyrir félagavali. Aðrar nefndir klúbbsins funduðu mismikið á tímabilinu.

Nokkrir félagar starfa einnig í nefndum á vegum Umdæmisins og án þess að nefna þau öll hér þá færi ég þeim bestu þakkir fyrir sitt framlag og það hefur einnig verið einkar ánægjulegt að starfa með Umdæmisstjóra Rótarýhreyfingarinnar, Birni Bjarndal Jónssyni.

Klúbbfélagar

Í vetur voru 3 nýjir félagar teknir inn í klúbbinn og þau eru: Ari Kristinn Jónsson, Hrefna Sigríður Briem og Íris Baldursdóttir. Ég vona að nýju félagarnir séu ánægðir með þá ákvörðun að hafa gengið til liðs við Rótarýhreyfinguna. Einnig heimtum við úr útleið 2 góða félaga sem höfðu áður hætt vegna starfa sinna en það eru þær Anna Pálsdóttir og Hanna Kristín Guðmundsdóttir.

Tveir félagar hættu í klúbbnum á starfsárinu þau Guðjón Friðriksson og Steinunn Sigurðardóttir. Það er mikil eftirsjá af Guðjóni sem hafði verið í klúbbnum um árabil, en Steinunn náði hins vegar aldrei að festa rætur eftir að hún gekk í klúbbinn.

Þann 17. júní sl. þá lést Erna Bryndís Halldórsdóttir félagi okkar og einn af stofnfélögum og er hennar sárt saknað.

Félagar í Rótarý Reykjavík Miðborg eru nú 82 og veit ég að ný stjórn hefur sett sem markmið að félagafjöldinn verði 85 í lok næsta starfsárs. Það mun því hægja á inntöku nýrra félaga og mikilvægt er að félagar nái að kynnast betur svo hópurinn verði sterkari heild. Við teljum einnig að um 85 félagar sé mjög heppileg stærð fyrir klúbbinn. Karlar er nú 39 og konur 43, það þarf að auka hlut karla til að hafa jafnvægi. Tuttuguog einn félagi er undir fimmtugu, átján á milli fimmtugs og sextugs, þrjátíuogsex á milli sextugs og sjötugs og sjö eldri en sjötugt. Meðalaldur klúbbfélaga er 59 ár og meðalklúbbaldur þeirra er 12,2 ár. Við ræddum um það á klúbbþingi okkar í október sl. að það væri mikilvægt að fjölga yngri klúbbfélögum þannig að klúbburinn endurnýist eðlilega.

Á starfsárinu samþykkti stjórnin að eftirtaldir aðilar verði undanþegnir mætingarskyldu með vísan til ákvæða í lögum klúbbsins, en þau eru: Esther Guðmundsdóttir, Ingvar J. Karlsson og Leifur Breiðfjörð. Auk þeirra eru 8 aðrir klúbbfélagar undanþegnir mætingarskyldu en það er ef lífaldur og klúbbaldur er hærri en 85 ár og viðkomandi hefur náð 65 ára aldri.

Styrkir

Í starfsáætlun fráfarandi stjórnar var lagt upp með að klúbburinn tæki þátt í samfélagsverkefni af einhverjum toga. Niðurstaðan í því var að klúbburinn hefur styrkt Umhyggju 175.000 kr., Styrktarfélag krabbameinsveikra barna, (SKB) 175.000 kr., Bleiku slaufuna 22.000 kr. háskólanema til að kaupa sérhæfða tölvu vegna náms 50.000 kr. og Annual Fund 52.000. Við munum geta sótt um mótframlag til Annual Fund sjóðsins til að leggja góðu verkefni lið að þremur árum liðnum. Þetta er í annað sinn sem við greiðum í Annual Fund skv. þessari reglu.

Meirihluti fjármagns kemur frá félagsgjöldum og til viðbótar hafa klúbbfélagar greitt 200 kr. í bílastæðagjald, félagar hafa greitt 2.000 kr. gjald þegar við höfum farið í fyrirtækaheimsóknir og nú síðast höfum við óskað eftir við nokkra klúbbfélaga að fyrirtæki á þeirra vegum, geri samning við klúbbinn um 25.000 kr. framlag í 3 ár og verður það notað til að styrkja góð málefni. Núþegar hafa 3 fyrirtæki samþykkt að gera slíkan samning og kunnum við þeim bestur þakkir fyrir. Við í fráfarandi stjórn munum fylgja þessu máli eftir á næstu misserum.

Esther hefur haldið utan um fjámál félagsins og hefur gert það með mikilum myndarbrag.

Ýmislegt

Á starfsárinu fósttaði klúbburinn skiptinemann Dariu Magdalena Wittwer, sextán ára stúlku frá Sviss. Hún býr í Untersiggenthal sem er um 7.000 manna bær rétt norðvestur af Baden. Daria hefur lokið

einu ári í menntaskólanum Kantonsschule Wettingen sem er í nágrenni við heimabæ hennar. Hún gerir ráð fyrir að halda áfram á þriðja ári eftir dvölinu á Íslandi og námið í Fjölbrotaskólanum í Garðabæ. Hanna María Siggeirsdóttir er formaður Ungmennanefndar klúbbsins jafnframt því að vera formaður æskulýðsnefndar rótarýumdæmisins, hún hefur verið aðal tengiliður við Daríu en hún dvaldi hjá Vilborgu Björnsdóttur og Sigurði Flosasyni megin hlutann af tíma sínum hér.

Klúbburinn fóstaði annan skiptinema árið 2010-2011. Það má segja að reynslan bæði nú og þá er ekki góð, skiptineminn er fyrstu 6 mánuðina hjá foreldrum þess sem fór út sem skiptinemi og næstu mánuði er ætlast til að klúbbfélagar taki við. Það tókst ekki að finna nýtt heimili fyrir Daríu þannig að hún var áfram hjá þeim hjónum Vilborgu og Sigurði, en var síðasta mánuð í umsjón Hönnu Maríu. Hanna María á mikið hrós skilið fyrir þann dugnað og þá eljusemi sem hún hefur haft til að gera hlut Daríu sem bestan og við ég þakka henni kærlega fyrir það. Flestir okkar féлага eru ekki lengur með börn á heimili sínu og því er erfiðara að taka á móti skiptinema á heimili þar sem eingöngu fullorðnir eru á. Ef þetta verður gert aftur er mikilvægt að það sé búið að klára undirbúninginn áður en af stað er farið, því þó allir vilji allt gera þá er tímin takmarkaður og hann flýgur í burtu frá okkur.

Það var nokkuð um að fyrirspurnir berist frá erlendum Rótarý félögum sem eru á leið til landsins, en eins og við vitum þá hefur ferðamönnum fjölgað verulega. Nokkrir þeirra komu í heimsókn til okkar og var skipt á fánum klúbbanna. Gunnar Svavarsson stallari tók að sér að sjá um erlenda féлага okkar og þakka ég honum sérstaklega fyrir það.

Ég vil þakka Finni Sveinbjörnssyni sérstaklega fyrir hans framlag en hann hefur séð um vefsíðuna fyrir okkur, með því að setja inn fréttir, taka myndir og setja þær inn á heimasíðuna. Það er ómetanlegt að hafa slíkan aðila sem þekkir vel til alls og veit nákvæmlega hvað á að setja inn.

Lokaorð

Um leið og ég flyt ykkur mínar bestu þakki fyrir það að hafa sýnt mér traust og veitt mér það tækifæri að gegna embætti forseta á síðasta starfsári óska ég Jóni og samstjórnarfólki hans velfarnaðar á starfsárinu.

Við skulum hafa hugfast að klúbburinn okkar er aldrei sterkari en við félagarnir sem myndum hann. Því vil ég hvetja ykkur öll til að huga vel að mætingu á næsta starfsári, og hvernig hver og einn getur gert klúbbstarfið áhugaverðara og innihaldsríkara.

Einkunnarorð Rotary hreyfingarinnar í minni forsetatíð hafa verið „Virkjum Rótarý til betra lífs“ .

Takk fyrir.

Viðauki: Yfirlit yfir klúbbfundi á árinu

1 - 1. júlí 2013		Stjórnarskiptafundur
2 - 12. ágúst	Jóhann Sigurjónsson	Ástand fiskistofna við Ísland
3 - 19. ágúst	Sigurður Loftsson	Að lifa af landinu - málefni kúabænda
4 - 28. ágúst	Októ Einarsson	Ölgerðin Egill Skallagrímsson í hundrað ár (heimsókn til Ölgerðarinnar)
5 - 2. sept.	Magnea Þórey Hjálmarsdóttir	Uppbygging hótélrexturs Icelandair Group (fundur á Reykjavík Natura)
6 - 9. sept.	Einar Bárðarson	Starfsemi höfuðborgarstofu
	Sóveig Baldursdóttir	Þriggja mínútna erindi
7 - 16. sept.	Björn Bjarndal Jónsson	Heimsókn umdæmisstjóra Rótarýumdæmisins
8 - 23. sept.	Óðinn Jónsson	Markmið, árherslur og verkefni fréttastofu RÚV
9 - 30. sept.	Stefán Eiríksson	Löggæsla í brennidepli
10 - 7. okt.	Tinna Gunnlaugsdóttir	Vetrardagskrá Þjóðleikhússins (heimsókn í leikhúsið)
11 - 14. okt.	Börkur Gunnarsson	Arabíska vorið
12 - 21. okt.		Klúbbþing - fundur um innri mál klúbbsins
13 - 28. okt.	Hrönn Marinósdóttir	RIFF - alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík
14 - 4. nóv.	Hanna María Siggeirsdóttir	Ungmennastarf rótarý almenn og klúbbsins sérstaklega
	Daria Wittwer	Kynning svissnesks skipitnema sem klúbburinn fóstrar
15 - 11. nóv.	Þórunn Guðmundsdóttir	Lögmannsstofan Lex (heimsókn til Lex - fundur kl. 17)
16 - 18. nóv.	Margrét María Sigurðardóttir	Umboðsmaður barna
17 - 25. nóv.	Dagur B. Eggertsson	Skipulagsmál í Reykjavík
18 - 2. des.	Kristín Edwald	Millidómstig
19 - 9. des.		Jólafundur klúbbsins kl. 18.30
20 - 16. des.	Jónína Leósdóttir	Bókarkynning: Við Jóhanna
21 - 6. jan. 2014	Kristján Kristjánsson	Staða og styrkur íslenska frumkvöðlaumhverfisins
22 - 13. jan.	Ragnheiður Elín Árnadóttir	Helstu verkefni á borði ráðherra nýsköpunarmála
23 - 20. jan.	Eggert B. Guðmundsson	Kauphallarskráning N1
24 - 27. jan.	Ýmir Örn Finnbogason	Nýsköpun á Íslandi og saga Plain Vanilla
25 - 3. feb.	Þorgeir Pálsson	Reykjavíkflugvöllur
26 - 10. feb.	Guðbjörg Edda Eggertsdóttir	Actavis
27 - 17. feb.	Einar K. Guðfinnsson	Alþingi
28 - 24. feb.	Unnur A. Valdimarsdóttir	Streita
29 - 3. mars	Steingrímur Sigurgeirsson	Samfélagslegar skýrslur fyrirtækja, áherslur og gerð
30 - 10. mars	Halldór Guðmundsson	Tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa

31 - 17. mars	Páll Guðmundsson	Starfsemi Ferðafélags Íslands
32 - 24. mars	Garðar Eiríksson	Gjaldtaka af ferðamönnum við Geysi
33 - 31. mars	Ketill B. Magnússon	Festa - miðstöð um samfélagsábyrgð fyrirtækja
34 - 7. apríl	Kristín Eysteinsdóttir	Starfsemi Borgarleikhússins (heimsókn í leikhúsið)
35 - 28. apríl	Gunnar Haraldsson	Skýrsla Hagfræðistofnunar HÍ um stöðu aðildarviðræðna við ESB
36 - 5. maí	Pétur Magnússon	Starfsgreinaerindi (heimsókn til Hrafnistu - fundur kl. 17)
37 - 12. maí	Bragi Björnsson	Íslenska skátahreyfingin
38 - 19. maí	Vilhjálmur Bjarnason	Málefni líðandi stundar
39 - 26. maí		Tuttugu ára afmælishátíð klúbbsins á Nauthóli - fundur kl. 19
40 - 2. júní	Pia Hanson	Skýrsla Alþjóðamálastofnunar HÍ um aðildarviðræður Íslands við ESB
41 - 23. júní	Víglundur Þorsteinsson	Baráttumál við bankana